



Um loftslagsstefnu Kópavogsbæjar

Loftslagsstefna Kópavogsbæjar er gerð með hliðsjón af heildarstefnu Kópavogsbæjar sem samanstendur af hlutverki, framtíðarsýn og gildum, auk yfirmarkmiða sem eru fengin úr heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Heimsmarkmiðin eru leiðarljós flestra þjóða heims til ársins 2030 og mynda þau jafnvægi á milli þriggja stoða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu sem birtist meðal annars í mælikvörðum [heimsmarkmiðavísitölu Kópavogs](#).

Tilgangur loftslagsstefnu Kópavogsbæjar er að draga úr heildaráhrifum loftslagsbreytinga á samfélagið. Hún inniheldur sýn sveitarfélagsins í málaflöknum og felur í sér eina stefnuáherslu þar sem tilgreind eru sex meginmarkmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun.

Þessi stefna er unnin í samræmi við 5. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál. Í c-lið greinarinnar er kveðið á um að sveitarfélög skuli setja sér loftslagsstefnu.

Framkvæmd og ábyrgð

Ríkisstjórn Íslands hefur sett markmið um kolefnishlutleysi Íslands fyrir árið 2040. Af þessu tilefni mun Kópavogsbær leggja sitt af mörkum og taka virkan þátt í að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga.

Sviðsstjóri umhverfissviðs hefur frumkvæði að mótun stefnunnar og að fram fari reglulegt endurmat. Sviðsstjóri ber ábyrgð á framkvæmd hennar í samstarfi við stjórnendur og annað starfsfólk umhverfissviðs en samstarf við önnur svið Kópavogsbæjar er mikilvægt til þess að tryggja framgang hennar. Aðrar stefnur og áætlanir Kópavogsbæjar hafa áhrif á loftslagsstefnu Kópavogs.



Stefnuáhersla og meginmarkmið

Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda

Kópavogsbær stefnir að því að ná fram samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda miðað við árið 2019. Stefna bæjarins leggur áherslu á þátttöku allra í loftslagsmálum. Íbúar, fyrirtæki og hagsmunaaðilar innan bæjarfélagsins eru hvött til að vinna að umhverfismálum, lágmarka úrgang, draga úr losun og stuðla að umhverfisvænum lífsháttum. Allar aðgerðir hafa áhrif á framgang sveitarfélagsins við að ná loftslagsmarkmiðum sínum.



Mininkað magn úrgangs

Að minnka magn úrgangs í sveitarfélaginu. Stofnanir Kópavogsbæjar og fyrirtæki verði hvött til mælinga á úrgangi og íbúar meðal annars hvattir til að huga að matarsóun.

Aukin endurvinnsla

Að leggja áherslu á aukna endurvinnslu þannig að hlutfall úrgangs sem er enduruninn aukist. Horft er til samræmdra aðgerða í flokkun á milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og aukinnar fræðslu til íbúa, fyrirtækja og starfsmanna Kópavogsbæjar svo sem með bættu aðgengi að flokkun og upplýsingum þar um.

Vistvænir ferðamátar

Að stuðla að fjölbreyttari og vistvænni ferðamátum. Dregið verði úr aukningu bílaumferðar, til dæmis með uppbyggingu innviða hvað varðar vistvæna ferðamáta og með bættu stígakerfi sem leiðir til fjölgunar notenda stígakerfis. Við endurnýjun farartækja bæjarins skal velja vistvænar leiðir og kanna möguleika á léttari farartækjum í stað bíla s.s. rafmagnshlaupahjóla, vespa eða rafmagnshjóla. Starfsmenn Kópavogsbæjar verði hvattir til að nýta sér vistvæna ferðamáta.

Aukin gróðursetning og skógrækt

Að auka gróðursetningu og skógrækt sem stuðlar að kolefnisjöfnun og kolefnisbindingu. Í anda heimsmarkmiðs 17 þá verði horft til samvinnu við félagasamtök um gróðursetningu og skógrækt.

Vistvænni innkaup

Auka vistvæn innkaup hjá Kópavogsbæ meðal annars í formi útboða þar sem fram koma umhverfisskilyrði eða kröfur sem á annan hátt eru til þess fallin að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Betri nýting á orku

Að nýta orku á hagkvæmari hátt og draga úr notkun hennar. Fyrirtæki, íbúar og starfsfólk Kópavogs er hvatt til orkusparandi umgengni bæði hvað varðar raforku og hitaveitu. Við endurnýjun stærri tækja Kópavogs verði hugað að orkusparandi tækjum.